

65

6. júní

8. gr.

Skýlt er farþegum að sýna í Fríhöfninni farseðil sinn eða önnur skilríki, er sanna heimildir þeirra til að verzla þar, áður en viðskipti hefjast, og er öllum öðrum óviðkomandi bannaður aðgangur.

Áhöfn flugvélar sýni vottorð flugstjóra.

9. gr.

Útfylla skal í þríriti afgreiðsluseðil fyrir hvern þann, sem viðskipti á í Fríhöfninni.

Skal þar greina:

- a) nafn kaupanda,
- b) ákvörðunarstað,
- c) númer flugferðar,
- d) vörutegund, sem keypt er,
- e) í hvaða gjaldeyri er greitt og hve mikið.

Viðtakandi kvittar á öll eintökin. Að því búnu skulu vörurnar settar í þar til gerðar umbúðir, er beri áletranirnar: Fríhöfnin — Keflavíkurflugvelli, Duty free store — Keflavík Airport.

Síðan skal innsigli Fríhafnarinnar sett á böggulinn og eitt eintak afgreiðsluseðilsins afhent kaupanda, annað eintak fær tollgæzlan en hinu þriðja heldur Fríhöfnin.

10. gr.

Vörur úr Fríhöfninni má aðeins selja gegn greiðslu í erlendum gjaldeyri.

11. gr.

Ef flugvél er komin af stað frá flugvellið, en verður af einhverjum orsökum að snúa aftur, skulu tollgæzlumenn taka í sínar vörzlur vörur, sem keyptar hafa verið í Fríhöfninni eða gæta þess að ekki sé farið með þær út úr flugvélinni, þar til hún býzt til brottfarar af flugvellið að nýju.

12. gr.

Birgðir Fríhafnarinnar skal telja svo oft, sem ástæða er til og eigi sjaldnar en hálfsmánaðarlega og bornar saman við birgðabók og afgreiðsluseðla.

Komi fram birgðavöntun skal þegar í stað tilkynna það utanríkisráðherra og tollgæzlunni á Keflavíkurflugvelli.

13. gr.

Skrifstofa fríhafnarstjóra hefur á hendi allt bókhald vegna Fríhafnarinnar að undanteknu bókhaldi sölubúðar þeirra, sem Áfengisverzlun ríkisins rekur undir yfirstjórn utanríkisráðherra.

Hver sölubúð hefur aðskilinn fjárhag. Utanríkisráðherra setur nánari reglur um þátttöku hvernar sölubúðar um sig í sameiginlegum kostnaði svo sem skrifstofuhaldi o. fl.

Fríhafnarstjóri útbýr verðlista um hverja einstaka vörutegund í samráði við utanríkisráðherra.

14. gr.

Fríhafnarstjóri og Áfengisverzlun ríkisins skulu árlega senda utanríkisráðherra sérstaka áætlun ásamt greinargerð um tekjur og gjöld Fríhafnarinnar til afnota við samningu fjárlaga.

Skal fríhafnarstjóri gæta þess vandlega, að útgjöld á fjárhagsáætlun Fríhafnarinnar fari ekki fram úr fjárlögum.

15. gr.

65

Frihafnarstjóri og Áfengisverzlun ríkisins skulu að jafnaði eigi sjaldnar en 6. júní vikulega selja til banka allan innkominn erlendan gjaldeyri.

Skal hann senda utanríkisráðherra skýrslu um hinn selda gjaldeyri.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt lögum nr. 53 5. júní 1958 um heimild fyrir ríkisstjórnina til að selja áfengi, tóbak o. fl. á Keflavíkurflugvelli og Reykjavíkurflugvelli til farþega í framhaldsflugi, til þess að öðlast gildi þegar í stað.

Jafnframt fellur úr gildi reglugerð nr. 116 1958 um sölu áfengis og tóbaks til flugfarþega á Keflavíkurflugvelli.

Utanríkisráðuneytið, 6. júní 1959.

Guðm. Í. Guðmundsson.

Henrik Sv. Björnsson.

REGLUGERÐ

66

11. júní

um breyting á reglugerð nr. 181 3. okt. 1953, um hina almennu deild hlutatryggingasjóðs bátaútvegsins.

1. gr.

Við 2. gr. reglugerðarinnar bætist tveir nýir liðir, svo hljóðandi:

XVI. flokkur: Skip 12—30 rúmlestir, sem veiðar stunda með handfærum.

XVII. flokkur: Skip yfir 30 rúmlestir, sem veiðar stunda með handfærum.

2. gr.

Töluliðir 6, 7, 8, 9, 10, 14, 15, 25, 26, 30 og 34 í b-lið 3. gr. reglugerðarinnar orðist svo:

6. svæði: Keflavík, Njarðvíkur og Vogar

1. janúar—15. maí

1. september—31. desember

7. svæði: Hafnarfjörður

1. janúar—15. maí

1. september—31. desember

8. svæði: Reykjavík

1. janúar—15. maí

1. september—31. desember

9. svæði: Akranes

1. janúar—15. maí

1. september—31. desember

10. svæði: a. Hellissandur

1. janúar—15. maí

b. Rif

1. janúar—15. maí

1. október—31. desember

c. Ólafsvík

1. janúar—15. maí

1. október—31. desember

14. svæði: Patreksfjörður og Tálknafjörður.

1. febrúar—31. maí.

1. október—15. desember.

- 66 15. svæði: Arnarfjörður.
 11. júní 1. janúar—15. maí.
 1. október—15. desember.
 25. svæði: Ólafsfjörður
 10. janúar—15. júní
 16. júní—15. september
 16. september—20. desember
 26. svæði: Dalvík, Hrísey, Árskógsströnd, Grenivík.
 10. janúar—15. júní
 16. júní—15. september
 16. september—20. desember
 30. svæði: Vopnafjörður
 1. júní—31. október
 34. svæði: Fáskrúðsfjörður
 1. febrúar—31. maí
 1. júní—30. nóvember

3. gr.

Töluliður 6, 8 og 10 í c-lið 3. gr. orðist svo:

6. svæði: Keflavík, Njarðvíkur og Vogar
 15. febrúar—11. maí
 1. september—31. desember
 8. svæði: Reykjavík
 15. febrúar—11. maí
 1. september—31. desember
 10. svæði: Hornafjörður
 1. marz—11. maí

4. gr.

Töluliðir 5, 22, 25, 27, 30, 34 og 43 í d-lið lið 3. gr. orðist svo:

5. svæði: Keflavík, Njarðvíkur og Vogar
 15. marz—15. maí
 1. ágúst—20. desember
 22. svæði: Steingrímsfjörður
 15. júlí—31. október
 25. svæði: Hofsós
 15. apríl—15. nóvember
 27. svæði: Ólafsfjörður
 1. apríl—30. nóvember
 30. svæði: a. Húsavík
 1. apríl—15. nóvember
 b. Flatey
 1. apríl—15. nóvember
 34. svæði: Vopnafjörður
 1. maí—31. október
 43. svæði: Þorlákshöfn
 1. marz—11. maí

5. gr.

Staflíður g. í 3. gr. færast aftur og verði staflíður h, en nýr staflíður g. orðist svo:
 g. Fyrir skip í XVI. og XVII. flokki

1. svæði: Berufjörður—Ingólfshöfði
 1. marz—31. maí
 2. svæði: Dyrhólaey—Látrabjarg
 1. marz—31. maí